
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2008-01
Fundartími: Mánudagur 5. maí 2008 kl. 10:00-12:00
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Breytingar á skipan nefndarinnar.
- 2) Almennar forsendur orkuspáa
 - 2.1) Fólksfjöldi.
 - 2.2) Aðrar almennar forsendur
- 3) Störf vinnuhópa.
- 4) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
Eiríkur Bogason
Ágústa S. Loftsdóttir
Magnús Magnússon
Haukur Ingibergsson
Ívar Þorsteinsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Fjarverandi: Arnar Þór Sveinsson
Sigurður Ágústsson

- 1) RÍP sagðist ætla að kanna hvort breyting hefði orðið á fulltrúa Fjármálaráðuneytis. Engar aðrar breytingar hafa orðið á nefndinni. HI spurði hvort formleg nefnd sem þessi væri nauðsynleg og hvort ekki væri eðlilegra að kalla þetta samstarfsvettvang. Einnig spurði hann hvort lög hefðu breyst hvað varðar orkuspárnefnd. RÍP sagði að í raforkulögum kæmi fram að Landsnet væri ábyrgt fyrir gerð raforkuspár og í lögum um Orkustofnun kæmi fram að stofnunin ætti að vinna að áætlanagerð til langs tíma á sviði orkumála. MM benti á að setja þyrfti skrifleg markmið með starfinu. JV benti á að slík markmið væru til fyrir hvern starfshóp nefndarinnar en ekki fyrir nefndina sjálfa. JV benti á að mikilvægt væri að hafa samstarfsvettvang eins og orkuspárnefnd til að fjalla um almennar forsendur orkuspáa sbr. það sem er á dagskrá fundarins hér á eftir. RÍP ætlar að skoða lýsingu á starfi nefndarinnar á heimasíðu hennar og gera tillögur að breytingum ef þörf krefur.
- 2.1) Farið var yfir greinargerð frá eldsneytis- og raforkuhópi um varðandi fólksfjöldaspá Hagstofu Íslands og fengu MM og HI eintak af greinargerðinni. JV sagði að þessi spá væri nokkuð breytt frá spám og að raforkuhópur og eldsneytishópur hafi farið að skoða ástæður þessara breytinga. Í ljós hefði komið

að helstu grundvallarbreytinguna væri að finna í að- og brottflutningi fólks. Eftir að hafa skoðað þetta vel hefðu hóparnir talið að forsendur að- og brottflutnings væru óeðlilegar sbr. það sem kemur fram í greinargerðinni. MM ræddi um að- og brottflutning og nefndi að miklar breytingar hefðu orðið á þessum þætti undanfarin ár og að mikilvægt væri að horfa sérstaklega á útlendinga þar sem allt annað mynstur væri á þeim flutningum en flutningum Íslendinga milli landa. Hann taldi einnig að mjög erfitt væri að gera spár um þennan þátt og nefndi að mannfjöldaspáin væri eina spáin sem Hagstofan gerði. Ákveðið var að MM mundi fara yfir athugasemdirnar og fólksfjöldaspána. JV sagði að niðurstaða þyrfti að liggja fyrir sem fyrst þar sem stefnt væri að því að ljúka eldsneytisspá í þessum mánuði og endurreikningi raforkuspár mundi ljúka í næsta mánuði. HI benti á að nokkur óvissa væri í fólksfjöldatölum m.a. vegna erfiðleika við skráningu fólks úr landi.

- 2.2) JV fór yfir uppkast að köflum 6 (Fiskveiðar og fiskeldi) og 10 (Vöru- og fólksflutningar) í almennum forsendum orkuspáa en þetta eru þeir kaflar sem skipta mestu máli í eldsneytisspá ásamt kafla um fólksfjölda. Spurt var af hverju spátímabilið hefði verið lengt til 2050. AL sagði að það væri gert að ósk Umhverfisstofnunar þar sem þau þyrftu að skila gögnum vegna loftlagssamningsins til 2050. Einnig sýndi JV myndir um aukningu húsnæðis skv. fasteignamati og benti á mikla aukningu íbúðarhúsnæðis á undanförunum árum og einnig að meðalstærð íbúða hefði verið að aukast. Hann benti einnig á að veruleg aukning hefði verið á undanförunum árum í meðalraforkunotkun heimila.
- 3) AL fór yfir störf eldsneytishóps. Hún sagði að tvær nefndir um loftslagsmál hefðu verið að ýta á eftir niðurstöðum eldsneytisspár og hefði hópurinn því tekið saman bráðabirgðaniðurstöður sem þessir aðilar hafa fengið. Einnig sagði hún að við breytingar á reiknilíkani hefði verið haft í huga að auðvelda uppsetningu einfaldrar útgáfu af því á heimasíðu orkuspárnefndar. Gögn um eldsneytisnotkun 2007 eru að mestu komin. JV sagði að eldsneytishópurinn hafi unnið mikið í almennum forsendum og eldsneytisspánni og hefðu verið sex fundir frá því orkuspárnefnd kom síðast saman.

JV fór yfir störf raforkuhóps og sagði að hópurinn hefði haldið fimm fundi frá því nefndin kom síðast saman. Unnið hefur verið að söfnun gagna fyrir síðasta ár og úrvinnslu þeirra og er hún komin vel á veg. Endurreiknuð raforkuspá mun koma út í sumar eins og á síðasta ári.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn. Fundi slitið kl. 12:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Fólksfjöldaspá Hagstofu Íslands frá 2007. Nokkrar athugasemdir.

Sýnt var en ekki dreift:

- Minnisblað vegna fundar orkuspárnefndar 5. maí 2008. Raforkuhópur orkuspárnefndar.
- Minnisblað vegna fundar orkuspárnefndar 5. maí 2008. Eldsneytishópur orkuspárnefndar.
- Almennar forsendur orkuspáa 2008. Kafli 6 Fiskveiðar og fiskeldi.
- Almennar forsendur orkuspáa 2008. Kafli 10 Vöru- og fólksflutningar.
- Myndir 12.1 og 12.4 um aukningu húsrýmis úr almennum forsendum orkuspáa.

Verkefni frá þessum fundi:

Umsjón	Verkefni
Ragnheiður	Markmið með starfinu og skipulag
Magnús	Fara yfir fólksfjöldaspá í ljósi athugasemda frá eldsneytis- og raforkuhópi.